

Fundur haldinn í fræðslunefnd Húnavatnshrepps
að Húnavöllum þriðjudaginn 25. maí 2010 kl. 20:30.

Ægir bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Á dagskrá eru kennararáðning og önnur mál.

Þorkell skýrði frá því að fjórar umsóknir réttindakennara hefðu borist vegna kennarastöðu sem auglýst var. Magdalena vék af fundi á meðan umsóknir voru ræddar en umsækjendur eru:

Therése Möller útskrifast í júní 2010.

Margrét Jónsdóttir.

Anna Lára Hansen.

Magdalena M. Einarsdóttir útskrifast í júní 2010.

Skólastjóri mælir með ráðningu Magdalenu, fræðslunefnd mælir einnig með ráðningu Magdalenu.

Önnur mál.

Þorkell sagði frá því að Haustþing KSNV fellur niður þann 17. september og verður þá breyting á skóladagatali og starfsdagur verður því færður til 1. október en þá er fyrirhugað að halda ráðstefnu allra skólastiga á Akureyri fyrir kennara og skólastjórnendur á Norðurlandi Eystra og Norðurlandi vestra.

Þorkell sagði frá því að búið er að panta gúmmíhellur fyrir leiksvæðið og eru þær væntanlegar seinnipartinn í júní og þá er fyrirhugað að leggja þær. Það verður haldið áfram að skipta um glugga á heimavistarálmunni, íbúðinni og fleiru í sumar.

Fram kom að ráðskonan mun hætta og verður starfið væntanlega auglýst fljótlega.

Ýmislegt fleira var rætt.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og formaður sleit fundi.

Þóra Sverrisdóttir (sign)

Þorkell Ingimarsson (sign)

Eline Schrijver (sign)

Magdalena M. Einarsdóttir (sign)

Pétur Pétursson (sign)

Birgitta H. Halldórsdóttir (sign)

Kristín Rós Sigurðardóttir (sign)

Ægir Sigurgeirsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.